

## Fundargerð

Fundur réttarfarsnefndar 16. janúar 2024.

### Frásögn af fundi:

Þriðjudaginn 16. janúar 2024 kl. 14:00 var haldinn fundur í réttarfarsnefnd í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík. Fundinn sóttu Ása Ólafsdóttir (ÁÓ) formaður, Aðalsteinn E. Jónasson (AEJ), Eiríkur Elís Þorláksson (EEP), Gizur Bergsteinsson (GB) og Kolbrún Benediktsdóttir (KB). Þá sat fundinn Hákon Þorsteinsson (HP) lögfræðingur í dómsmálaráðuneyti og ritaði jafnframt fundargerð.

ÁÓ setti fundinn.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál sem réttarfarsnefnd hefur tekið til meðferðar að beiðni dómsmálaráðuneytisins.

- Fyrirkomulag dómskýrslna á rannsóknarstigi samkvæmt 59. gr. laga um meðferð sakamála.*

Á fundinn hafði verið boðið eftirtöldum fulltrúum hagaðila sem mættu til að ræða málefnið.

  - Inga Lilly Brynjólfsdóttir og Sigurður Örn Hilmarsson fyrir hönd Lögmannafélags Íslands.
  - Margrét Kristín Magnúsdóttir og Ólöf Á. Farestveit fyrir hönd Barna- og fjölskyldustofu.
  - Anna Lára Steindal og Árni Múli Jónsson fyrir hönd Þroskahjálpar.

Fram fóru umræður og að þeim loknum viku fulltrúar hagaðila af fundi. Ákveðið var að málefnið yrði unnið áfram á milli funda og á næsta fundi.

### 2) Rafrænar skuldaviðurkenningar.

Á fundinn komu Bryndís Helgadóttir skrifstofustjóri í dómsmálaráðuneytinu og Arnar Halldórsson og Steindór Dan Jensen lögfræðingar í menningar- og viðskiptaráðuneytinu til að ræða fyrirhugað frumvarp þess ráðuneytis um rafrænar skuldaviðurkenningar. Steindór Dan tók þátt í umræðunum gegnum fjarfundarbúnað.

Að loknum umræðum var ákveðið að menningar- og viðskiptaráðuneytið ynni málefnið áfram og myndi hafa samband við dómsmálaráðuneytið ef frekari aðkomu réttarfarsnefndar yrði óskað. Að svo búnu viku Arnar og Steindór Dan af fundi.

Í lok fundar var samþykkt fundargerð síðasta fundar nefndarinnar 5. desember 2023. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar yrði kl. 15.00 hinn 19. mars 2024 í húsakynnum dómsmálaráðuneytisins í Borgartúni 26 í Reykjavík.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 16:15.

HP.